

73

4. júlí

25. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 22 1. febr. 1936.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

74

4. júlí

L Ö G

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. jan. 1943 að telja.

Land það, er Siglufjarðarkaupstaður eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt er honum að leigja það, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstjórnin samþykkir. Leigumáli lóða þeirra, er sildarverksmiðjur ríkisins nú hafa á leigu, skal þó framlengjast áfram óbreyttur, að núverandi leigutíma loknum, ef stjórn sildarverksmiðja ríkisins krefst þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

75

4. júlí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennsluvíkmyndir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kaптúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi sams konar bóka-kost.

2. gr.

75

4. júlí

5. gr. laganna skal orða svo:

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 2 kr. fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt, eða 4 kr. á heimili. Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

76

4. júlí

um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kennslumálaráðherra skal heimilt að veita manni af íslenskum ættum, einum í senn, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjum Norður-Ameríku og lokið hefur stúdentsprófi þar, styrk úr ríkissjóði til náms í íslenskum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Námsstyrkur samkvæmt 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan hæfilegan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Ráðherra úrskurðar kostnað þennan, að fengnu álitu heimspekideildar háskólans, og skal fæðis- og húsnæðiskostnaður greiddur á mánuði hverjum fyrirfram.

3. gr.

Ráðherra ákveður, hver styrks þessa skuli verða aðnjótandi í hvert sinn, að fengnum tillögum stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og heimspekideildar Háskóla Íslands.